

Reykjavík, 21. október 2022

Innflutningur safnvopns lýtur ákvæðum 7. mgr. 5. gr. laga nr. 16/1998.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur sett viðmið um hvaða skilyrði, safnvopn sem flytja á inn til landsins þurfa að uppfylla.

1. Vopnið, eða vopnagerðin, verður að hafa ótvíræða, sannanlega tengingu við hernámshliðið á Íslandi í seinni heimstyrjöld. Þannig þarf vopnið t.d. að sjást á ljósmyndum frá Íslandi eða fyrirbyggjandi séu aðrar óvæfengjanlegar sannanir að það hafi verið í notkun hernámshliðanna á Íslandi í síðari heimsstyrjöld. Þessi tenging er bundin við íslenska grund, ekki loft eða haf í kringum Ísland.
2. Vopnið verður að vera í óbreyttri mynd frá því sem það var á hernámstíma. Því má ekki hafa verið breytt að því marki sem hefur áhrif á útlit, virkni eða notkunarmöguleika.
3. Hámarkshlaupvídd þeirra safnvopna sem leyft er að flytja inn er .45 cal. eða 11,5mm.
4. Engin alsjálfvirk vopn eru leyfð til innflutnings.
5. Greinargerð skal fylgja umsókn um innflutning safnvopns þar sem skýrir hvernig vopnið uppfyllir 1., og 2., lið.

F. h. l.

Þórarinn Þórarinsson, lögreglufulltrúi

